

Snertiefni matvæla

Katrín Guðjónsdóttir

14. apríl 2015

Fræðslufundur Matvælastofnunar



Umfjöllunarefnið

- Snertiefni matvæla
- Matvælasnertiefni
- Efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli

- Málmar, plast, leir, pappi, viður, gúmmí, korkur.....

Umfjöllun

- Hvað eru snertiefni matvæla?
- Lög og almennar reglur
 - Öryggi
 - Rekjanleiki
 - Merkingar
 - Góðir framleiðsluhættir
- Sérreglur - Plast
 - Helstu skilyrði fyrir plastefni
 - Samræmisyfirlýsingar fyrir plast
- Helstu kröfur til fyrirtækja
- Aðrar sérreglur




Hvað eru matvælasnertiefni?

Skilgreining í grunnreglugerð:


Efni og hlutir sem þegar þau eru fullunnin:

- a. er ætlað að komast í snertingu við matvæli eða
- b. eru nú þegar í snertingu við matvæli eins og til var ætlast eða
- c. má búast við að komist í snertingu við matvæli eða að efnisþættir þeirra berist í matvæli við eðlileg og fyrirsjáanleg notkunarskilyrði



Hvað er ekki „matvælasnertiefni“

- Efni og hlutir sem eru seld sem fornmunir
- Efni til hjúpunar eða húðunar sem er hluti af matvælunum og er neytt með þeim
 - T.d. ostskorpa eða pylsugarnir.
- Fastur vatnsveitubúnaður fyrir almenning eða til einkanota



Lög um matvæli - Eftirlit

- Heilbrigðisnefndir hafa opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu snertiefna matvæla, að undanskildum innflutningi
- Matvælastofnun fer með innflutningseftirlit
 - Vörur að mestu í frjálsum flæði og áhersla á eftirlit er við notkun, framleiðslu og dreifingu varanna
 - Nema ef sérstakar reglur kveða á um sérstakt innflutningseftirlit
- Heilbrigðisnefndir og Matvælastofnun hafa eftirlit með notkun matvælasnertiefna hjá þeim matvæla-fyrirtækjum sem eru undir þeirra eftirliti
 - Líkt og eftirlit með öðrum þáttum s.s. hollustuháttum, merkingum o.s.frv.

Lög um matvæli - Ábyrgð fyrirtækja

- Framleiðendur og innflytjendur matvælasnertiefna skulu tilkynna heilbrigðisnefnd um starfsemin sína áður en hún hefst
- Matvælafyrirtæki skulu hafa starfsleyfi frá viðeigandi eftirlitsaðila
- Framleiðendur, innflytjendur og matvælafyrirtæki skulu gæta þess á öllum stigum að matvælasnertiefni spilli ekki matvælum, stofni heilbrigði manna í ekki hættu eða rýri gæði matvæla
- Rekjanleiki matvælasnertiefna skal tryggður

**Grunnreglugerð
EB 1935/2004;
IS 398/2008**

**Góðir framleiðsluhættir
EB 2023/2006;
IS 568/2008**

Sellulósafilma
2007/42/EC
IS 34/2009

Leirhlutir
84/500/EEC
IS 439/2006

Plastefni

**Plastreglugerð
EB 10/2011
IS 374/2012**

Endurunnið plast
EB 282/2008
IS 396/2013

Húðunarefni
1895/2005/EB
IS 698/2008

Elastómerur og gúmmí

Nítrósamín
93/11/EEB
IS 389/1995

Virk og gaumræn efni
EB 450/2009
IS 838/2010

Pappír og pappi

Gler

Viður

korkur

Málmar og málmblöndur

Textílefni

Jónaskiptaresín

Prentblek

Sílfíkon

Lakk og húðunarefni

Vax



Reglugerðir um snertiefni matvæla

- Almennar, gilda fyrir öll snertiefni matvæla:
 - Reglugerð nr. 398/2008 sem innleiðir **EB/1935/2004** um efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. **Grunnreglugerð**
 - Reglugerð nr. 568/2008 sem innleiðir **EB/2023/2006** um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. **GFH (GMP) reglugerð**



**Grunnreglugerð
EB 1935/2004;
IS 398/2008**

**Góðir framleiðsluhættir
EB 2023/2006;
IS 568/2008**

Sellulósafilma
2007/42/EC
IS 34/2009

Leirhlutir
84/500/EEC
IS 439/2006

Plastefni

Elastómerur og gúmmí

Virk og gaumræn efni
EB 450/2009
IS 838/2010

**Plastreglugerð
EB 10/2011
IS 374/2012**

Endurunnið plast
EB 282/2008
IS 396/2013

Húðunarefni
1895/2005/EB
IS 698/2008

Nítrósamín
93/11/EEB
IS 389/1995



Pappír og pappi

Gler

Viður

korkur

Málmar og málmblöndur

Textílefni

Jónaskiptaresín

Prentblek

Sílfíkon

Lakk og húðunarefni


Vax

Almennar kröfur-Grunnreglugerð

- Matvælasnertiefni mega ekki gefa frá sér efni þannig að það geti:
 - stofnað heilbrigði manna í hættu eða
 - haft í för með sér óviðunandi breytingu á samsetningu matvæla eða
 - spillt skynmatseinkennum þeirra
 - Merking, auglýsing og kynning á efni eða hlut mega ekki villa um fyrir neytendum
- Gildir um **öll** snertiefni matvæla
 - Plast, stál, pappi, leir, viður, lakk, prentlitur.....


Merkingar-Grunnreglugerð

- Efnum og hlutum sem við setningu á markað hafa ekki enn komist í snertingu við matvæli skal fylgja:
 - a. Orðin „ætlað fyrir snertingu við matvæli“ eða táknið í II viðauka (glas og gaffall) og
 - b. ef þörf er á, leiðbeiningar um örugga og rétta notkun og
 - c. heiti og heimilisfang framleiðanda, vinnsluaðila eða seljanda sem ber ábyrgð á setningu á markað
 - d. Merking eða auðkenning til að tryggja **rekjanleika**



Glas og gaffal merkið

II. Viðauka við
EB/1935/2004



Merkingar – Smásölustig


- a. á efnum og hlutum eða umbúðum þeirra eða
- b. á merkimiðum sem eru festir á efnin og hlutina eða á umbúðir þeirra eða
- c. á tilkynningu alveg við efnin og hlutina þar sem kaupandinn fær auðveldlega komið auga á hana en hvað varðar upplýsingar um ábyrgðaraðila er þetta einungis heimilt ef af tæknilegum ástæðum er ekki hægt að festa upplýsingarnar á efnin og hlutina

Merkingar matvælasnertiefna

- Við aðra markaðssetningu en smásölu skulu upplýsingarnar sem krafist er vera
 - á fylgiskjölum eða
 - á merkimiðum eða umbúðum eða
 - á sjálfum efnunum og hlutunum



Glas og gaffal merkið



- Þýðir ekki að hluturinn/efnið hafi fengið vottun eða viðurkenningu á að hann uppfylli kröfur reglugerða um matvælasnertiefni
- Merkið er fullyrðing framleiðanda um að hann telji vöruna uppfylla kröfurnar
- Ef ekki eru aðrar upplýsingar þýðir merkið að hlutinn megi nota fyrir öll matvæli við allar aðstæður
- Framleiðandi/innflytjandi þarf að getað framvísað samræmisyfirlýsingu og/eða gögnum til stuðnings notkunar merkisins

Rekjanleiki - Grunnreglugerð

- Á öllum stigum framleiðslu og dreifingar snertiefna matvæla
- Til að geta rakið vöru eitt skref aftur og eitt skref áfram
- Stjórnendur fyrirtækja eru ábyrgir og skulu hafa kerfi og verklagsreglur til að tryggja rekjanleika
- Skrá þarf hvaðan hráefni komu og hvert matvælasnertiefnum og hlutum er dreift
 - Í matvælafyrirtækjum þarf líka að vera hægt að rekja hvað snerti hvaða matvæli

Grunnreglugerð
EB 1935/2004;
IS 398/2008

Góðir framleiðsluhættir
EB 2023/2006;
IS 568/2008

Sellulósafilma
2007/42/EC
IS 34/2009

Leirhlutir
84/500/EEC
IS 439/2006

Plastefni

Elastómerur og gúmmí

Virk og gaumræn efni
EB 450/2009
IS 838/2010

Plastreglugerð
EB 10/2011
IS 374/2012

Endurunnið plast
EB 282/2008
IS 396/2013

Húðunarefni
1895/2005/EB
IS 698/2008

Nítrósamín
93/11/EEB
IS 389/1995

Pappír og pappi

Gler

Viður

korkur

Málmur og málmblöndur

Textílefni


Jónaskiptaresín

Prentblek

Sílikon

Lakk og húðunarefni

Vax



Góðir framleiðsluhættir GFH

- Öll snertiefni matvæla skulu framleidd í samræmi við GFH
 - Einnig framleiðsla samsetninga (e. masterbatches), endurunninna efna og milliefna
 - Framleiðsla hreinna grunnefna (e. chemical substances) er undanskilin GFH
- Reglugerð nr. 568/2008 innleiðir **EB/2023/2006** um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli
 - Settar fram þær kröfur sem þarf að uppfylla til að teljast í framleitt í samræmi við GFH

GFH - Helstu kröfur

- Gæðatryggingakerfi
 - Skal vera skjalfest og tryggja að lokaafurð sé í samræmi við reglur
 - Val á hráefnum skal vera þannig að lokaafurð sé í samræmi við reglur
 - Framleiðsla skal vera í samræmi við fyrirmæli og verklagsreglur

GFH - Helstu kröfur

- Gæðaeftirlitskerfi
- Rekstraraðilinn skal koma á skilvirku gæðaeftirlitskerfi sem felur í sér:
 - Eftirlit með framkvæmd og árangri GFH
 - Ráðstafanir um úrbætur ef mistekst að beita GFH
 - Að gerðar séu prófanir á lokaafurð til að staðfesta samræmi framleiðsluvörunnar

GFH- Helstu kröfur

- Skjalahald
 - Forskriftir, framleiðsluformúlur og vinnsluferli skulu skjalfest
 - Skráningar á aðgerðum sem skipta máli varðandi samræmi og öryggi matvælasnertiefnisins og árangur gæðaeftirlitskerfisins
 - Yfirvöld skulu hafa aðgang að skjölunum ef óskað er eftir

**Grunnreglugerð
EB 1935/2004;
IS 398/2008**

**Góðir framleiðsluhættir
EB 2023/2006;
IS 568/2008**

Sellulósafilma
2007/42/EC
IS 34/2009

Leirhlutir
84/500/EEC
IS 439/2006

Plastefni

Elastómerur og gúmmí

Virk og gaumræn efni
EB 450/2009
IS 838/2010

**Plastreglugerð
EB 10/2011
IS 374/2012**

Endurunnið plast
EB 282/2008
IS 396/2013

Húðunarefni
1895/2005/EB
IS 698/2008

Nítrósamín
93/11/EEB
IS 389/1995



Pappír og pappi

Gler

Viður

korkur

Málmar og málmblöndur

Textílefni


Jónaskiptaresín

Prentblek

Sílikon

Lakk og húðunarefni

Vax



Plastreglugerð

- Reglugerð **EB/10/2011** innleidd með íslenskri reglugerð 374/2012
- Er dæmi um sérreglur fyrir ákveðna hópa efna.
- Gleymum ekki að almennu reglurnar gilda hér einnig!

Hvað er plast?

- **Fjölliður** (e. polymer) af smærri einingum/einliðum (e. monomer)
- Risasameindir
- Sem gegna hlutverki aðalbyggingarefnis í efni eða hlut
- Oft með íblönduðum aukefnum eða öðrum efnum
 - Mýkingarefni, litarefni, sleipiefni, fylliefni, herðiefni, þanefni, eldvarnarefni, ýruefni, andoxunarefni, rotvarnarefni, UV gleypar.....

Plastreglugerð gildir um

- Efni og hluti eingöngu úr plasti
- Marglaga plastefni og –hluti (fest saman með lími eða öðruvísi)
- Plastlög í marglaga matvælasnertiefnum þar sem önnur efni en plast mynda einhver laganna t.d. pappi eða ál (marglaga fjölefni).
- Plastlög eða húðun sem myndar þéttihring í lokum
- Áprentuð eða húðuð plastefni og -hluti

Plastreglugerð- Samsetning plasts

- Einn jákvæður listi (viðauki I) með efnum sem nota má til að framleiða plastefni:
 - Einliður og önnur grunnefni
 - Aukefni (nema litarefni)
 - Hjálparefni við fjölliðuframleiðslu
 - Stórsameindir myndaðar með örverugerjun
- Má eingöngu nota efni af listanum (með vissum undanþágum)
- Sértek flæðimörk, takmarkanir á notkun og hreinleikakröfur líka settar í listanum

Plastreglugerð – Samsetning plasts

- Nota má önnur efni en þau sem eru á lista, ef notaður er s.k. virkur tálmi (e. functional barrier)
 - Virkur tálmi þarf að vera úr samþykktum efnum og hindra að efnin sem ekki eru leyfileg berist í matvælin.
 - En þó má ekki nota efni sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða eru eitruð fyrir frjósemi á bak við virkan tálma. Ekki heldur efni á nanóformi.

Flæði efna úr plasti

- Plast er ekki efnafræðileg óvirkt efni!
 - Ólíkt t.d. gleri
- Fjölliðukeðjurnar eru oft lauslega tengdar innbyrðis
- Efni t.d. óhvarfaðar einliður, niðurbrotsefni, aukefni og hjálparefni eru laust bundin
- Þessi efni geta borist úr plasti yfir í matvæli

Flæði efna úr plasti

- Flæði eykst með hitastigi
- Heildarflæði eykst með lengri snertitíma (geymsluþol)
- Flæði mismunandi eftir gerð og byggingu plasticsins
- Tegund matvæla hefur áhrif
 - Efni sem flæða eru oft fituleysanleg og því meira flæði í fituríkari matvæli
 - Sýrustig matvæla hefur áhrif á flæði

Plastreglugerð - Flæðimörk


- Efni á jákvæða listanum þurfa að standast kröfur um
 - Specific migration limit (SML)
 - sértæk flæðimörk
 - Overall migration limit (OML)
 - heildarflæðimörk
 - Takmarkanir og skilyrði sett fram í I. Viðauka

Plastreglugerð - Sérstæk flæðimörk (SML)

- Fyrir sum efni eru sett fram sérstæk flæðimörk
 - Efni sem þarf að takmarka meira en önnur
- Koma þá fram í l.viðauka við reglugerðina
- Gefin upp sem mg/kg matvæla (eða matvælahermis)
- Ef ekki er sett SML í viðauka gilda almennu flæðimörkin
 - 60mg/kg

Heildarflæðimörk (OML)

- Heildarflæðimörk eru sett við $10\text{mg}/\text{dm}^2$
Matvælasnertiefni mega ekki láta innihaldsefni sín í matvæli í meira magni en sem því svarar.
- Ef gert er ráð fyrir 1kg pakkningu er hámarks heildarflæði í matvæli $60\text{mg}/\text{kg}$
- Meira yfirborð/rúmmál \rightarrow hærra heildarflæði.
 - Smáar umbúðir = hlutfallslega meira yfirborð sem snertir matvælin
- Ef gert er ráð f. 125g pakkningu sem er $0,5\text{ dm}$ á alla kanta er hámarks heildarflæði $92\text{mg}/\text{kg}$.
- Sérreglur fyrir umbúðir um barnamat. Fastsett $60\text{mg}/\text{kg}$



Matvælaaukefni – „Dual Use additives“

- Nokkur efni hafa hlutverk í framleiðslu plasts og eru líka matvælaaukefni
- Notkun aukefnis í umbúðir/matvælasnertiefni má ekki hafa tæknileg áhrif í vörunni (nema um sé að ræða „virk og gaumræn efni og hluti“)
- Flæði íblöndunarefna sem eru líka matvælaaukefni (Dual use additives) má ekki fara yfir hámarksgildi í aukefnareglugerð eða flæðimörk í I.viðauka plastreglugerðar (eftir því hvort er lægra)
- Ef notkun aukefnis er ekki leyfð í matvælinu sem umbúðin er notuð fyrir skal miða við takmarkanir í I.viðauka eða OML

Leiðbeiningar með plastreglugerð

- http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/foodcontact/docs/10-2011_plastic_guidance_en.pdf

Samræmisyfirlýsingar (DoC)

- DoC – Declaration of Compliance
- Fyrir þá flokka efna sem til eru sérreglur um, þ.m.t. **plastefni**, þarf að vera til s.k. samræmisyfirlýsing
 - Á öllum stigum framleiðslukeðjunnar
 - Fyrir hrein efni ætluð til framleiðslu plastefna (t.d. einliður og íblöndunarefni).
 - Fyrir efni á millistigum framleiðslu (t.d. fjölliðukúlur sem á eftir að bræða og nota til framleiðslu á öðrum hlut)
 - Fyrir tilbúna hluti/efni
 - Almennt ekki krafa á smásölustigi - nema

Samræmisyfirlýsingar (DoC)

- Tilgangur:
- Staðfesta við viðskiptavin að varan sem hann kaupir uppfylli viðeigandi reglur
- Veitir viðskiptavini nauðsynlegar upplýsingar svo hann geti tryggt eða sannreynt að vara hans uppfylli reglur

Samræmisyfirlýsingar

Dæmi:

- Framleiðandi sem framleiðir plastflöskur úr tilbúinni fjölliðu (bræðir þær bætir útí litarefni og formar plastið) á að fá samræmisyfirlýsingar með hráefninu, bæði fjölliðukúlunum og litarefninu
- Þarf svo sjálfur að útbúa samræmisyfirlýsingu sem fylgir flöskunni sem hann selur (hún byggist m.a. á þeim plöggum sem hann fékk með hráefnunum)
- Matvælafyrirtæki sem notar tiltekna plastflösku á að fá með þeirri umbúð samræmisyfirlýsingu

Samræmisyfirlýsingar

- Samræmisyfirlýsingar skulu veða aðgengilegar yfirvöldum (eftirlitsaðilum) tafarlaust á öllum stigum
- Í samræmisyfirlýsingum lýsir framleiðandi því yfir að varan hans uppfylli skilyrði laga og reglugerða
 - Þarf að geta sýnt fram á þetta með fylgiskjölum (e. supporting documents). Þau skulu einnig aðgengileg yfirvöldum.
- Ramminn um það hvaða upplýsingar eiga að koma fram í þessum samræmisyfirlýsingum er settur í reglugerð (viðauki IV í plastreglugerð)
 - Mismunandi hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar/viðeigandi eftir því hvar í framleiðslukeðjunni við erum stödd

IV. VIÐAUKI

Samræmisýfirlýsing

Í skriflegu yfirlýsingunni, sem um getur í 15. gr., skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- 1) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem gefur út samræmisýfirlýsinguna,
- 2) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem framleiðir eða flytur inn efnivið eða hluti úr plasti eða vörur úr millistigum framleiðsluferlisins eða efni sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 3) auðkenni efniviðarins, hlutanna, vara af millistigum framleiðsluferlisins eða þeirra efna sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 4) dagsetning yfirlýsingarinnar,
- 5) staðfesting á því að efniviðurinn eða hlutirnir úr plasti, vörur af millistigum framleiðsluferlisins eða efnin uppfylli viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 1935/2004,
- 6) nægar upplýsingar um efnin, sem eru notuð, eða niðurbrotsefni þeirra, sem falla undir takmarkanir og/eða forskriftir sem eru settar fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, til að rekstraraðilar á síðari stigum ferlisins geti séð til þess að þessar takmarkanir séu virtar,
- 7) nægar upplýsingar um efni, sem eru háð takmörkunum í tengslum við matvæli, sem fást með tilraunagögnum eða fræðilegum útreikningum varðandi sértæk flæðimörk þeirra og, ef við á, hreinleikaskilyrði, í samræmi við tilskipanir 2008/60/EB, 95/45/EB og 2008/84/EB, til að gera notanda þessa efniviðar eða hluta kleift að fara að viðeigandi ákvæðum ESB eða, séu þau ekki fyrir hendi, að ákvæðum landslaga sem gilda um matvæli,
- 8) forskriftir fyrir notkun efniviðarins eða hlutarins, s.s.:
 - i. tegund eða tegundir matvæla sem þeim er ætlað að komast í snertingu við,
 - ii. tími og hitastig við meðferð og geymslu meðan efniviðurinn eða hlutirnir eru í snertingu við matvælin,
 - iii. hlutfallið, milli yfirborðsflatar í snertingu við matvæli og rúmmálsins, sem er notað til ákvarða hvort efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfumar,
- 9) ef virkur tálmi er notaður í marglaga efnivið eða hlut úr plasti, staðfesting á því að efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfumar í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. eða 2. og 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

Mikilvæg atriði í samræmisyfirlýsingu - Plast

- Nafn og heimilisfang þess sem gefur út yfirlýsinguna
- Nafn og heimilisfang framleiðanda/innflytjanda vörunnar
- Dagsetning útgáfu
 - Viðmiðunarregla að yfirlýsingin sé ekki eldri en 2 ára
 - Skal uppfærð ef breytingar verða á framleiðslunni eða á regluverki.
- Auðkenni efnis/hlutar (t.d. heiti vöru og tegund fjölliðu)
 - Mjög mikilvægt til að hægt sé að tengja saman vöru og skjal

Mikilvæg atriði í samræmisyfirlýsingu - Plast

Yfirlýsing um að varan uppfylli skilyrði;

- Grunnreglugerðar (EB/1935/2004)
 - Þar með að hún hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu
 - Að hún hafi ekki áhrif á skynmatseiginleika matvælnanna sem hún snertir (tilbúin efni og hlutir)
 - Heildarflæði sé undir OML
- GFH reglugerðar (EB/2023/2006)
 - Að hún sé framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti (gæðatryggingarkerfi, gæðaeftirlitskerfi og skjalahald)
- Plastreglugerðar (EB/10/2011)
 - Aðeins séu notuð efni sem eru á lista yfir leyfileg efni
 - Efni sem eru notuð og ekki falla undir lista (t.d. litarefni) hafi verið áhættumetin

Mikilvæg atriði í samræmisyfirlýsingu - Plast

- Notkunarskilyrði
 - Tegund(ir) matvæla
 - Tími og hitastig
 - Hlutfallið milli yfirborðsflatar í snertingu við matvæli og rúmmáls sem notað var til að ákvarða hvort matvælasnertiefnið sé í samræmi við kröfur
- Yfirlýsingar varðandi virkan tálma (þegar við á)

Mikilvæg atriði í samræmisyfirlýsingu - Plast

- Upplýsingar um „dual use additives“ (ef við á)
 - Hver þau eru, í hvaða magni þau flæða
 - Eða yfirlýsing um að engin efni séu notuð í vöruna sem eru einnig matvælaaukefni eða bragðefni (dual use)
- Upplýsingar um efni sem hafa SML eða eru háð annarskonar takmörkunum (ef við á)
 - T.d. hver þau eru, hvaða takmörkunum háð, flæði þeirra sé innan marka
 - Eða yfirlýsing um að ekki séu notuð nein efni sem falla undir sérstakar takmarkanir

Fylgiskjöl með DoC

- Yfirvöld geta beðið um skjöl til staðfestingar því sem stendur í samræmisyfirlýsingunni
- Þetta eru ekki gögn sem fylgja venjulega í gegnum allt ferlið. En yfirvöld hafa rétt á að fá þau.
- Dæmi:
 - Samræmisyfirlýsingar fyrir hráefni
 - Niðurstöður flæðiþrófana
 - Uppskriftir með innihaldsefnum
 - Gögn um virka tálma
 - Áhættumat á efnum sem ekki falla undir lista

DoC - Hjálp

- <http://easydoc.fsai.ie/>
- http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/foodcontact/docs/guidance_reg-10-2011_en.pdf

Matvælafyrirtæki - kröfur

- Grunnþekking á löggjöf um snertiefni matvæla
- Þekking á birgjum (uppfylla þeir GFH?)
- Eingöngu séu notuð efni og hlutir sem eru **ætluð** til þess að snerta matvæli
- Notkun í samræmi við fyrirætlaða notkun
 - Notkunarskilyrði
- Rekjanleiki tryggður
- Samræmisyfirlýsingar til staðar þar sem sú er krafan
 - Matvælafyrirtækið hafi þekkingu á hvað samræmisyfirlýsingar eiga að innihalda og hafi rýnt þær

Framleiðendur og innflytjendur - Kröfur

- Þekking á löggjöfinni
- Unnið sé í samræmi við reglur um GFH
 - Gæðatryggingarkerfi og gæðaeftirlitskerfi
 - Skjalahald
- Þekking á birgjum (uppfylla þeir GFH?)
- Öryggi loka vöru sé tryggt m.v. fyrirhugaða notkun
- Samræmisyfirlýsingar fyrir aðföng og vörur til staðar ef við á
 - Þurfa að vera fullnægjandi (í samræmi við reglur)
- Rekjanleiki tryggður
- Eingöngu notuð leyfileg efni í framleiðsluna
 - Ef ekki eru listar yfir leyfilegt skal áhætta metin (sem dæmi litarefni í plasti)
- Samræmi við reglur sé staðfest
 - Flæðisprófanir eða útreikningar
- Fylgiskjöl séu aðgengileg

Aðrar sérreglur Efnahópar


Nítrósamín

Epoxyafleiður

Sellulósafilma

Leirhlutir

Virk og gaumræn efni



Reglugerð nr. 389/1995
um nítrósamín í
gúmmítúttum og snuðum
(EB gerðir 89/109, 93/11)

- Setur hámarksgildi á losun N-nitrosamines úr gúmmítúttum og snuðum



Reglugerð nr. 698/2008 sem
takmarkar notkun tiltekinna
epoxy afleiða (EB/1895/2005)

- Bannar BFDGE, NOGE
- SML fyrir BADGE & afleiður
- Nær yfir efni og hluti úr plasti, húðanir og lím



Reglugerð nr.
34/2009 um efni
og hluti úr
sellulósafilmu sem
er ætlað að snerta
matvæli
(EB/2007/42).

Þynna úr efni unnið úr
bómull eða viði.
Innihaldsefni takmarkast
við jákvæðan lista í II.
viðauka



- Getur verið húðað á annarri eða báðum hliðum
- Með sellulósa eða plasti
- Plasthúð skal vera í samræmi við 10/2011

Reglugerð nr. 439/2006
um **leirhluti** sem er
ætlað að snerta
matvæli (EB/2005/31)


- Hámarksgildi fyrir flæði blýs og kadmíum
- Mæliaðferðir
- Samræmisyfirlýsing skal fylgja, líka í smásölu



Virk og gaumræn efni og hlutir

Reglugerð nr. 838/2010 um **virk og gaumræn efni** sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (EB/450/2009)

Krafa um DoC og ítarlegar upplýsingar um virka hlutann í umbúðunum og virkan tálma



Nánari upplýsingar

- <http://www.mast.is/matvaeli/snertiefni-matvaela/>
- http://ec.europa.eu/food/food/chemicalsafety/foodcontact/index_en.htm
- http://www.norden.org/is/utgafa/publications_results_view?SearchablePublicationsText=food+contact

Takk fyrir!

www.mast.is

